

Umsókn um byggingarrétt yfir Gjána í Kópavogi

Með bréfi þessu sækir undirritaður fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags um rétt til framhaldsþróunar bygginga yfir Gjána í Kópavogi með það að markmiði að koma henni í endanlega mynd. Hugmyndir mínar snúa að því að halda áfram uppbyggingu Gjárinnar til að styrkja miðbæjarkjarna Kópavogs með því að reisa allt að 2.865 m² hús á tveimur hæðum með inndreginni þriðju hæð. Um er að ræða tillögu að húsnæði norðanvert í Gjánni, til móts við Hamraborg 1 og gera fyrstu tillögu ráð fyrir 2.865 m² byggingarmagni sem skiptist í tæknirými í þaki 75 m², 1. hæð 992 m², 2. hæð 992 m², 3. hæð 696 m² sem er inndregin þakhæð og loks tæknirými í kjallara 110 m². Auk þess þarf að gera ráð fyrir lyftu eða annarri lausn sem tryggir auðvelda aðkomu farþega ef borgarlína verður að veruleika.

Til glöggvunar leggur undirritaður fram með erindi þessu myndir og tillöguuppdrátt að staðsetningu hússins ásamt bílastæðum á svæðinu og einnig er áætlað að gerð verði undirgöng frá nýbyggingunni að bílastæðahúsi gengt Salnum. Uppdráttur sem fylgir tillögunni er gerður af Benjamín Magnússyni arkitekt en hann hefur gert skipulagsteikningar af miðbæjarsvæðinu yfir Gjána og teiknað þau mannvirki sem þar hafa verið byggð. Meðfylgjandi myndir sem sýna afstöðu hússins til núverandi umhverfis Gjárinnar endurspegla ekki endanlegt útlit þess þar sem hönnun er ekki lokið.

Undirritaður hefur komið að uppbyggingu miðbæjarkjarna Kópavogs með yfirgripsmiklum hætti. Fyrirtæki mitt Ris ehf byggði á sínum tíma bæði húsin sem eru yfir Gjána, torgið á milli húsanna og Salinn. Miðbær Kópavogs hefur því verið hugleikinn undirrituðum til lengri tíma. Auk þess byggði fyrirtæki mitt rúmlega 300 íbúðir í Kópavogi.

Jóhann G Hlöðversson